

REGLUGERÐ**um bann við togveiðum við Hrollaugseyjar.**

1. gr.

Frá og með 1. maí 1990 eru allar fiskveiðar með flot- og botnvörpu bannaðar á svæði við Hrollaugseyjar milli lína, sem dregnar eru réttvísandi 150° frá eftirgreindum punktum:

- a) 64°10'8 N 15°42'6 V
- b) 64°06'0 N 16°05'0 V

Að utan markast svæðið af línu sem dregin er í 9 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu sbr. reglugerð nr. 299/1975. (Lína dregin milli Stokksness, Hrollaugseyja, Tvískerja og Ingólfs-höfða).

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. apríl 1990.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Pórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ**um sérstök togveiðisvæði við SA-ströndina samkvæmt lögum nr. 3, 8. janúar 1988.**

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c.-liðar 3. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er skipum styttri en 32 metrar (mesta lengd) og búin eru aðalvél 650 hestöflum og minni heimilt að stunda veiðar með botnvörpu utan 3ja sjómílna frá viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81/1976 á svæði sem að austan markast af línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Hvítungum. Að vestan markast svæðið af línu, sem dregin er réttvísandi 150° frá punkti 64°10'8 N og 15°42'6 V.

Heimild þessi gildir frá og með 1. maí til 15. maí 1990.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 19. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988 um stjórn fiskveiða 1988–1990, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. apríl 1990.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Pórður Eyþórsson.